



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Samkeppniseftirlitið			
Málsnr.	1210032	Ádm.	ASÍG
Bréfal.	13. 1. 1	Leír	
Mótt.	25. 10. 2012	Fskj	
Ath.		Tíðum.	

Nefndasvið Alþingis
b. t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2012

Tilv.: 1210032

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu (heildarlög), 194. mál

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. þann 19. október sl., þar sem Samkeppniseftirlitinu var sent til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu (heildarlög). (Þingskjal 196 – 194. mál, lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013). Er þar veittur frestur til 7. nóvember 2012 til að gera athugasemdir við frumvarpið. Frumvarpið er með breytingum á fyrra frumvarpi sem meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar lagði til á síðasta þingi.

Með bréfi til nefndarinnar, dags. 10. maí sl., veitti Samkeppniseftirlitið umsögn um frumvarp um Ríkisútvarpið sem þá hafði verið lagt fram. Eftirlitið rakti jafnframt í bréfinu fyrri afskipti sín af regluverki Ríkisútvarpsins (RÚV) og umsagnir og athugasemdir sem beint hefur verið til Alþingis og mennta- og menningarmálaráðuneytisins í því samhengi. Hér skal almennt vísað til umsagnar Samkeppniseftirlitsins frá 10. maí sl. og athugasemda eftirlitsins við 748. mál sem þar voru fram settar.

Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um mikilvægi þess að endurskoða löggjöf varðandi RÚV vegna þeirrar samkeppnislegu mismununar sem hún hefur skapað á markaði fyrir birtingu auglýsinga og fyrir kostun. Samkeppniseftirlitið hefur í álitsgerð komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnislega mismunun leiddi af því að RÚV starfaði á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé. Þessi tvö atriði leiddu til þess að samkeppnisleg mismunun væri á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun þar sem RÚV væri í samkeppni við aðra aðila.

Þó að Samkeppniseftirlitið teldi það æskilegast að RÚV hyrfi af umræddum markaði meðan það nýtur fjármögnunar af almannafé telur eftirlitið í ljósi framanritaðs að nýtt ákvæði í 2. mgr. 7. gr. sé jákvætt í samkeppnislegu tilliti. Í því segir að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Þó er Ríkisútvarpinu heimilt að víkja frá þessu banni „...við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða eða eigin framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd.“ Samkeppniseftirlitið túlkar þetta svo að það verði í




meginatriðum óheimilt fyrir RÚV að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Verður Ríkisútvarpinu gert að setja reglur um undanþágutilvikin og væntir Samkeppniseftirlitið þess að þar verði gætt ítrustu hófsemi.

Auk framaritaðs ákvæðis telur Samkeppniseftirlitið það til bóta að bætt er nýjum málslið við 4. mgr. 4. gr. þar sem segir að viðskipti Ríkisútvarpsins og dótturfélaga þess skuli fara fram á markaðslegum forsendum. Samkeppniseftirlitið túlkar þetta ákvæði þannig að þegar um viðskipti milli RÚV og dótturfélaga sé að ræða skuli með þau farið eins og viðskipti milli óskyldra aðila. Með öðrum orðum verði Ríkisútvarpinu óheimilt að greiða niður samkeppnirekstur dótturfélaga í viðskiptum þeirra á milli og þeim síðarnefndu þar af leiðandi óheimilt að verðleggja undir kostnaði í viðskiptum við RÚV.

Að öðru leyti en hér hefur verið sérstaklega rætt ítrekar Samkeppniseftirlitið þau sjónarmið eftirlitsins í umsögn um frumvarp um Ríkisútvarpið sem koma fram í bréfi til allsherjar- og menntamálanefndar, dags.10. maí sl.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Guðmundur Sigurðsson

Virðingarfyllst,